

Könnun

á kjörum sveitarstjórnarmanna og
framkvæmdastjóra sveitarfélaga og
greiðslum til nefndarmanna hjá
Íslenskum sveitarfélögum

Reykjavík
Samband íslenskra sveitarfélaga
Hag- og upplýsingasvið
Janúar 2004

1 Inngangur

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga í maí 2002 var nokkur umræða í þjóðfélaginu um kaup og kjör kjörinna sveitarstjórnarmanna svo og þeirra sem ráðnir eru til starfa við framkvæmdastjórn sveitarfélaga. Í ljósi þess ákvað hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga að framkvæma könnun um þessi atriði hjá sveitarfélögum í landinu og freista þess að ná saman marktækum upplýsingum um þessi mál hjá mismunandi stærðarflokkum sveitarfélaga.

Í júní 2002 var sent bréf til sveitarfélaganna með spurningalista á tveim síðum þar sem óskað var eftir ákveðnum upplýsingum eftir því sem hentaði fyrir mismunandi gerðir sveitarfélaga. Bréfið var sent til allra þeirra sveitarfélaga sem störfuðu fram að kosningunum þann 25. maí 2002. Þau voru þá samtals 122 en við kosningarnar 2002 var kosið í 105 sveitarfélögum. Niðurstöður úr þessari könnun voru birtar í sérstakri skýrslu í ágúst 2002.

Ástæða þótti til að endurtaka könnunina nú einu og hálfu ári síðar til að ganga úr skugga um hvort einhverjar breytingar hefðu átt sér stað á þeim tíma sem liðinn er, m.a. í átt til aukinnar samræmingar milli sveitarfélaga á greiðslum til sveitarstjórnarmanna fyrir störf að sveitarstjórnarmálum. Því var samskonar eyðublað og minnst er á hér að framan sent út til sveitarfélaganna í lok nóvember 2003. Svör voru að berast allt fram til janúarloka 2004.

Sveitarfélögin eru flokkuð niður í 7 stærðarflokka sem hér segir:

Tafla 1. Flokkun sveitarfélaga

< 100 íbúar
100–199 íbúar
200–499 íbúar
500–999 íbúar
1000–1999 íbúar
2000–4999 íbúar
> 5000 íbúar

Flokkun sveitarfélaga er höfð nákvæmari hjá minni sveitarfélögum en þeim stærri þar sem hjá minni sveitarfélögum breytist starfsemi þeirra nokkuð hratt með hliðsóna af vaxandi íbúafjölda. Flest sveitarfélaga með yfir 200 íbúa ráða t.d. sérstakan framkvæmdastjóra fyrir sveitarfélagið á meðan oddviti sveitarstjórnar annast framkvæmdastjórn sveitarfélagsins hjá þeim sveitarfélögum þar sem íbúatala er lægri. Því var talið fróðlegt að skilja þarna sérstaklega á milli. Í könnunum sem þessum er alltaf álitamál að hverju er rétt að spyrja og hvaða spurningar skili verðmætustum upplýsingum. Áhersla er

lögð á að spurningar séu ekki að margar að það fæli menn frá að svara þeim en einnig gætu fengist meiri upplýsingar með ítarlegri spurningum. Gott væri að fá ábendingar um ef þeim sem lesa þessa skýrslu finnst sérstaklega vanta að spyrja að einhverjum ákveðnum atriðum.

Yfirlit um þær spurningar sem sendar voru til sveitarfélaganna fylgja með sem fylgiskjal.

2 Helstu niðurstöður

2.1. Inngangur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr svörum sveitarfélaganna. Alls bárust svör frá 63 sveitarfélögum sem er nokkru minna en í könnuninni árið 2002. Lægst var svörunin hjá sveitarfélögum í minnsta flokknum, en einnig var svörun frekar slakleg í flokknum 1000 – 1999 íbúar. Svörunin var á hinn bóginn góð í öðrum flokkum. Svörun fyrir heildina var um 67% sem verður að teljast ásættanlegt. Niðurstaðan er því allmarktæk í heildina tekið enda þótt munur sé nokkur milli einstakra flokka. Almennt er miðað við í úrtaksfræðum að svörunin úr úrtaki verði að fara upp undir 80% til að teljast að fullu marktæk fyrir heildina. Nú er í þessu tilviki ekki gert úrtak heldur eru öll sveitarfélög spurð. Þegar svörunin fer niður undir 50% og hvað þá þegar hún er þar fyrir neðan er ekki hægt að draga marktækar ályktanir af niðurstöðunum heldur er í slíkum tilvikum fyrst og fremst um að ræða vísbendingar. Skoða verður niðurstöður í hverjum flokki með hliðsjón af þessum fyrirvara. Svörun skiptast milli stærðarflokka sem hér segir:

Tafla 2. Svörun eftir stærðarflokkum

Stærðarflokkur	Svörun	Fjöldi í stærðarflokki	Svarhlutfall
< 100 íbúar	7 svör	15 sveitarfélög	46,7 %
100–199 íbúar	7 svör	21 sveitarfélög	33,3 %
200–499 íbúar	14 svör	18 sveitarfélög	77,8 %
500–999 íbúar	9 svör	17 sveitarfélög	52,9 %
1000–1999 íbúar	10 svör	13 sveitarfélög	76,9 %
2000–4999 íbúar	10 svör	11 sveitarfélög	90,9 %
> 5000 íbúar	6 svör	9 sveitarfélög	66,7 %
Samtals	63 svör	104 sveitarfélög	

Þegar niðurstöður úr þessari samantekt eru bornar saman við niðurstöður skýrslunnar frá árinu 2002 veða eftirfarandi atriði þar þyngst á metunum:

- Laun ráðinna sveitarstjóra/bæjarstjóra hafa heldur hækkað.
- Minni munur er orðinn á greiðslum til sveitar/bæjarstjóra innan einstakra stærðarflokka en áður var.
- Greiðslur til sveitarstjórnarmanna hafa heldur hækkað og þá fyrst og fremst á þann veg að þeim sveitarfélögum hefur fækkað þar sem greiðslur eru mjög lágar .
- Líkur eru á að þeim sveitarfélögum hafi fækkað þar sem ekkert er greitt fyrir störf að sveitarstjórnarmálum. Niðurstöður þessa liðar eru þó

háðar ákveðinni óvissu vegna takmarkaðrar svörunar í þeim tveimur flokkum sveitarfélaganna þar sem íbúar eru fæstir.

- Þeim sveitarfélögum hefur fjölgað sem greiða sveitarstjórnarmönnum bæði ákveðnar fjárhæðir mánaðarlega og síðan ákveðna fjárhæð fyrir hver fund.
- Greiðslur til nefnda hafa hækkað og eru orðnar samræmdari innan stærðarflokka en áður.
- Þeim sveitarfélögum hefur fjölgað þar sem nefndarformönnum eru greidd sérstök þóknun umfram aðra nefndarmenn.

2.2. Niðurstöður úr svörum frá einstökum stærðarflokkum sveitarfélaga

2.2.1. Sveitarfélög með minna en 100 íbúa

Í þessum flokki skiluðu sjö sveitarfélög svörum af fimmtán sveitarfélögum alls í flokknum eða 46,7%. Niðurstöður úr svörum þeirra sem svöruðu eru því ekki marktækar fyrir flokkinn allan ef gefa ákveðna vísbendingu. Þær fylgja hér á eftir.

Framkvæmdastjórn

Í fimm sveitarfélögum fer oddviti með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins en í tveimur tilvikum er sveitarstjóri ráðinn.

Greiðslur fyrir framkvæmdastjórn

Laun til framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, þar sem hann er ráðinn, er í öðru tilvikinu undir 299 þúsund krónur á mánuði en í hinu tilvikinu eru laun framkvæmdastjóra á bilinu 300–399 þúsund á mánuði.

Greiðslur til oddvita í þeim sveitarfélögum þar sem framkvæmdastjóri er ekki ráðinn eru nokkuð mismunandi. Í einu tilviki eru þær undir 50 þúsund kr. á mánuði, í tveimur tilvikum eru greiðslur milli 50 og 99 þúsund á mánuði og í tveimur tilvikum er greiðslur til oddvita á bilinu 100 til 150 þúsund kr. á mánuði.

Hlunnindi sveitarstjóra eru tilgreind í einu tilviki og eru lægri en 50 þúsund krónur.

Greiðslur til oddvita, þar sem sveitarstjóri er ekki ráðinn, eru tilgreindar í 5 tilfellum. Í einu tilfalli er greiðsla lægri en 50 þúsund kr. í tveimur tilfellum eru þær á bilinu 50–99 þúsund kr. og í tveimur tilvikum eru þær á bilinu 100–149 þúsund kr.

Biðlaunaréttar er getið í einu tilviki og er hann þá einn mánuður.

Greiðslur til sveitarstjórnarmanna

Í fimm tilvikum af sjö er sveitarstjórnarmönnum greitt fyrir hvern fund í sveitarstjórn en í einu tilviki er ekkert greitt fyrir fundarsetu. Mánaðarleg greiðsla er undir 5.000 kr. á mánuði. Þannig virðist greiðsla fyrir hvern fund vera ráðandi fyrirkomulag hjá þessum stærðarflokki sveitarfélaga. Greiðslur til sveitarstjórnarmanna eru annars vegar 2–4 þúsund kr. á hvern fund (eitt sveitarfélag) og hins vegar 4–6 þúsund kr. fyrir hvern fund (fjögur sveitarfélög).

Greiðslur til nefnda

Í fimm tilvikum er greitt fyrir hvern fund hjá nefndum sveitarfélaganna en í einu tilviki er ekkert greitt fyrir setu í nefndum sveitarfélaganna. Greiðslur fyrir hvern nefndarfund eru í tveimur tilvikum um þrjú þúsund kr. og í þremur tilvikum um fimm–sex þúsund krónur á hvern fund.

Greiðslur til nefndarformanns

Engin regla virðist vera á greiðslu til nefndarformanna í þessum stærðarflokki sveitarfélaga. Í einu tilviki er greiðsla til nefndarformanns 100% hærri en til annarra nefndarmanna, í einu tilviki er greiðsla um 50% hærri en til annarra nefndarmanna, í einu tilviki eitthvað hærri og í einu tilviki er enginn greinarmunur gerður á greiðslum til nefndarformanns og annarra nefndarmanna.

2.2.2. Sveitarfélög með 100–199 íbúa

Í þessum flokki skiluðu sjö sveitarfélög svörum af tuttugu og einu alls eða þriðjungur sveitarfélaga í flokknum. Óhætt er að fullyrða að niðurstöður úr svo slakri svörun gefi litlar vísbendingar um hver sé meginregla um greiðslufyrirkomulag til sveitarstjórnarmanna og sveitarstjóra í þessum stærðarflokki sveitarfélaga. Niðurstöður þeirra svara sem bárust eru birt hér á eftir og verður að hafa fyrrgreinda fyrirvara um hve marktækar niðurstöðurnar eru:

Framkvæmdastjórn

Í fimm sveitarfélögum í þessum stærðarflokki fer oddviti með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins en í tveimur tilvikum er ráðinn sveitarstjóri.

Greiðslur fyrir framkvæmdastjórn

Greiðslur til sveitarstjóra eru í báðum tilvikum undir 300 þúsund kr. Hlunnindi sveitarstjóra eru í báðum tilvikum undir 50 þúsund kr. á mánuði. Biðlaunátíma er hvergi getið.

Greiðslur til oddvita eru nokkuð mismunandi. Hjá tveimur sveitarfélögum eru þau undir 50 þúsund kr. á mánuði, í tveimur tilvikum eru þau á bilinu 50–99 þúsund kr., í einu tilviki á milli 100 og 149 þúsund kr. og í einu tilviki er oddvita greitt á bilinu 150 til 199 þúsund kr. á mánuði.

Greiðslur til sveitarstjórnarmanna

Í öllum tilvikum er sveitarstjórnarmönnum greitt fyrir hvern fund í sveitarstjórn. Þannig virðist greiðsla fyrir hvern fund vera ráðandi fyrirkomulag hjá þessum stærðarflokki sveitarfélaga. Greiðslur fyrir fundasetur eru 2–4 þúsund kr. (tvö sveitarfélög), 4–6 þúsund kr. (tvö sveitarfélög) og 6–8 þúsund kr. fyrir hvern fund (eitt sveitarfélög) og í einu sveitarfélagi er greitt yfir 10 þúsund krónur fyrir hvern fund. Hjá einu sveitarfélagi er sveitarstjórnarmönnum greitt mánaðarlega á bilinu 10–19 þúsund krónur fyrir fundarsetur til viðbótar við greiðslur fyrir hvern fund.

Greiðslur til nefnda

Hjá sex sveitarfélögum er greitt fyrir hvern fund hjá nefndum sveitarfélaganna en í einu tilviki er ekkert greitt fyrir setu í nefndum sveitarfélaganna. Greiðslur fyrir hvern nefndarfund eru í tveimur tilvikum um þrjú þúsund kr., í þremur tilvikum um sex þúsund krónur og í einu tilviki er greitt um níu þúsund krónur fyrir hvern fund.

Greiðslur til nefndarformanns

Í þremur tilvikum eru greiðslur til nefndarformanns jafnháar greiðslum til annarra nefndarmanna og í þremur tilvikum eru greiðslur eitthvað hærri en til annarra nefndarmanna. Í einu tilviki eru greiðslur til nefndarformanns 100% hærri en til annarra nefndarmanna.

2.2.3. Sveitarfélög með 200–499 íbúa

Í þessum flokki skiluðu 14 sveitarfélög svörum af samtals 18 sveitarfélögum í þessum stærðarflokki. Það gerir um 78% allra sveitarfélaga í þessum flokki sem þýðir að niðurstöður eru mjög vel marktækar fyrir öll sveitarfélög í flokknum. Niðurstöður úr svörum birtast hér á eftir.

Framkvæmdastjórn

Í þrettán tilvikum er ráðinn sveitarstjóri í þessum stærðarflokki en í einu tilviki fer oddviti með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins.

Greiðslur fyrir framkvæmdastjórn

Greiðslur til sveitarstjóra eru í fjórum tilvikum á bilinu 300–399 þúsund krónur, í átta tilvikum á bilinu 400–499 þúsund krónur og í einu tilviki á bilinu 500–599 þúsund krónur. Það virðist því vera meginregla að laun sveitarstjóra í þessum stærðarflokki sveitarfélaga sé á bilinu 400–499 þúsund króna. Hlunnindi sveitarstjóra eru í fimm tilvikum undir 50 þúsund kr. á mánuði, í sjö tilvikum eru þau á bilinu 50–99 þúsund krónur og í einu tilviki á bilinu 100–149 þúsund krónur.

Greiðslur til oddvita eru nokkuð mismunandi í þeim tilvikum sem sveitarstjóri er ráðinn til starfa. Í þremur sveitarfélögum eru þau undir 10 þúsund kr. á mánuði, í fjórum sveitarfélögum eru þau á bilinu 10–29 þúsund kr. á mánuði, í þremur sveitarfélögum eru þau á bilinu 30–49 þúsund krónur og í einu tilviki eru þau á bilinu 50–69 þúsund krónur. Hér er því ekki um ákveðna meginreglu að ræða hvað þessar greiðslur varðar, heldur er dreifing þessara greiðslna allveruleg.

Í einu tilviki fer oddviti með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Greiðslur til hans eru á bilinu 150–199 þúsund krónur á mánuði.

Biðlaunaréttur sveitarstjóra.

Í einu tilviki er biðlaunaréttur sveitarstjóra tveir mánuðir, í níu tilvikum er hann þrjú mánuðir, í tveimur tilvikum er hann sex mánuðir og í einu tilviki er ekki um neinn biðlaunarétt að ræða.

Greiðslur til sveitarstjórnarmanna

Í átta tilvikum er sveitarstjórnarmönnum greitt fyrir hvern fund í sveitarstjórn og hjá átta sveitarfélögum er greidd föst upphæð á mánuði. Hjá fjórum sveitarfélögum er því bæði greitt fyrir hvern fund og einnig föst upphæð á mánuði. Greiðslur fyrir fundasetur eru frá 2–4 þúsund kr. (þrjú sveitarfélög), 4–6 þúsund kr. (þrjú sveitarfélög), 6–8 þúsund kr. (tvö sveitarfélög), 8–10 þúsund

kr. (eitt sveitarfélag) og hjá einu sveitarfélagi er greitt yfir 10 þúsund kr. fyrir hvern fund. Þar sem um mánaðarlega greiðslu er að ræða er greitt undir fimm þúsund kr. á mánuði hjá tveimur sveitarfélögum, á bilinu 5–9 þúsund á mánuði hjá þremur sveitarfélögum, 10–19 þúsund kr. hjá einu sveitarfélagi og á bilinu 20–39 þúsund kr. hjá þremur sveitarfélögum.

Greiðslur til nefnda

Í þrettán sveitarfélögum er greitt fyrir hvern fund hjá nefndum sveitarfélaganna en í einu tilviki er ekkert greitt fyrir setu í nefndum sveitarfélaganna.

Greiðslur fyrir störf í nefndum á vegum sveitarfélagsins eru sem hér segir: Í sjö tilvikum er greitt á bilinu 2–3 þúsund krónur, í tveimur tilvikum er greitt á bilinu 4–5 þúsund kr. og í þremur tilvikum er greitt um 6 þúsund kr. á hvern fund. Það er því ekki hægt að segja að það sé við lýði nein meginregla um fjárhæðir sem nefndum er greitt fyrir hvern fund í þessum stærðarflokki sveitarfélaga.

Greiðslur til nefndarformanns

Í átta tilvikum eru greiðslur til nefndarformanns um 50% hærri en til annarra nefndarmanna en í fjórum tilvikum er enginn greinarmunur gerður á greiðslum til nefndarformanns og annarra nefndarmanna. Í einu tilviki eru greiðslur til nefndarformanns 100% hærri en greiðslur til almennra nefndarmanna.

2.2.4. Sveitarfélög með 500–999 íbúa

Í þessum flokki skiluðu 9 sveitarfélög svörum af þeim 17 sem eru í þessum stærðarflokki eða rétt rúmlega helmingur. Meta verður niðurstöður svaranna með hliðsjón af því sem ákveðnar vísbendingar en ekki sem marktækar niðurstöður. Niðurstöður í flokknum birtast hér á eftir.

Framkvæmdastjórn

Í öllum sveitarfélögum í þessum stærðarflokki sem sendu inn svör er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri til sveitarfélagsins.

Greiðslur fyrir framkvæmdastjórn

Greiðslur til sveitarstjóra eru í einu tilviki á bilinu 300–399 þúsund kr., í þremur sveitarfélögum eru laun sveitarstjóra á bilinu 400 og 499 þúsund kr., í fjórum tilvikum er greitt á milli 500 og 599 þúsund kr. og í einu tilviki eru laun sveitarstjóra á milli 600 og 699 þúsund kr. Hlunnindi sveitarstjóra eru í fjórum tilvikum undir 50 þúsund kr. á mánuði, í þremur tilvikum á bilinu 50–99 þúsund kr. og í einu tilviki á bilinu 100–149 þúsund kr. Biðlaunaréttur er þrjú mánuðir í þremur tilvikum, fjórir mánuðir í tveimur tilvikum og sex mánuðir í fjórum tilvikum.

Greiðslur til sveitarstjórnarmanna

Í sjö sveitarfélögum er sveitarstjórnarmönnum greitt fyrir hvern fund í sveitarstjórn en hjá átta sveitarfélögum er greidd föst upphæð á mánuði. Þannig virðist það vera meginregla hjá þeim sveitarfélögum sem svöruðu í

könnuninni að það er bæði greidd föst upphæð á mánuði fyrir setu í sveitarstjórn og síðan einnig fyrir hvern fund. Greiðslur fyrir fundasetur sveitarstjórnarmanna eru frá 4–6 þúsund kr. (fimm sveitarfélög) og 6–8 þúsund kr. (þrjú sveitarfélög). Þar sem um er að ræða mánaðarlegar greiðslur er greitt 5–9 þúsund kr. á mánuði hjá einu sveitarfélagi, 10–19 þúsund kr. hjá tveimur og á bilinu 20–39 þúsund kr. hjá fjórum sveitarfélagi.

Greiðslur til nefnda

Í öllum tilvikum er greitt fyrir hvern fund hjá nefndum sveitarfélaganna. Greiðslur fyrir hvern nefndarfund eru í sex tilvikum á bilinu 2–4 þúsund krónur og í þremur tilvikum á bilinu 5–6 þúsund krónur

Greiðslur til nefndarformanns

Í fimm tilvikum eru greiðslur til nefndarformanns um 50% hærrí en til annarra nefndarmanna og í fjórum tilvikum eru greiðslur eitthvað hærrí til formanns en til annarra nefndarmanna.

2.2.4. Sveitarfélög með 1000–1999 íbúa

Í þessum flokki skiluðu 10 sveitarfélög svörum af þeim þrettán sem eru í þessum stærðarflokki eða rúmlega 76% allra sveitarfélaga. Það er svörun sem gerir að verkum að niðurstöður í þessum stærðarflokk eru fyllilega marktækar fyrir heildina. Frá einu sveitarfélagi bárust ófullnægjandi upplýsingar þannig að ekki voru gefin upp kjör bæjarstjóra. Niðurstöður í flokknum birtast hér.

Framkvæmdastjórn

Í öllum tilvikum er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri til sveitarfélagsins.

Greiðslur fyrir framkvæmdastjórn

Laun sveitarstjóra eru í einu sveitarfélagi á bilinu 400 og 499 þúsund kr., í þremur sveitarfélögum eru þau milli 500 og 599 þúsund kr., í fjórum sveitarfélögum eru laun á bilinu 600–699 þúsund kr. og í einu sveitarfélagi eru sveitarstjóra greidd laun á bilinu 700–799 þúsund kr. í laun á mánuði. Hlunnindi sveitarstjóra eru í þremur tilvikum undir 50 þúsund kr. á mánuði, í þremur tilvikum milli 50 og 99 þúsund kr. og í þremur tilvikum eru þau á bilinu 100–149 þúsund kr. Biðlaunatími er þrír mánuðir í einu tilviki, fjórir mánuðir í einu tilviki og sex mánuðir í sjö tilvikum. Í einu tilviki var kveðið á um að biðlaunaréttur væri 1,5 mánuðir fyrir hvert starfsár.

Greiðslur til sveitarstjórnarmanna

Í átta sveitarfélögum er sveitarstjórnarmönnum greitt fyrir hvern fund í sveitarstjórn en hjá sjö sveitarfélögum er greidd föst upphæð á mánuði. Þannig er það algengt að greiðsla fyrir störf í bæjar- og sveitarstjórn sé blanda af greiðslum fyrir hvern fund og fastri greiðslu á mánuði. Greiðslur fyrir fundasetur eru 6–8 þúsund kr. (fjögur sveitarfélög), 8–10 þúsund kr. fyrir hvern fund (tvö sveitarfélög) og yfir 10 þúsund kr. á mánuði (tvö sveitarfélög). Þar sem um mánaðarlega greiðslu er að ræða fyrir störf í bæjarstjórn er greitt 5–9

þúsund kr. á mánuði hjá einu sveitarfélagi og á bilinu 20–39 þúsund kr. á mánuði hjá sex sveitarfélögum.

Greiðslur til nefnda

Hjá öllum þeim sveitarfélögum sem sendu inn svör er greitt fyrir hvern fund hjá nefndum sveitarfélaganna. Greiðslur fyrir hvern nefndarfund eru í fjórum tilvikum 2–4 þúsund kr. fyrir hvern fund og í fimm tilvikum er greitt 5–6 þúsund kr. fyrir hvern fund.

Greiðslur til nefndarformanns

Hjá einu sveitarfélagi eru greiðslur til nefndarformanns 100% hærri en til almennra nefndarmanna, hjá fimm sveitarfélögum eru greiðslur til nefndarformanns um 50% hærri en til annarra nefndarmanna og í fjórum tilvikum eru greiðslur eitthvað hærri.

2.2.5. Sveitarfélög með 2000–4999 íbúa

Í þessum flokki skiluðu 10 sveitarfélög svörum af þeim 11 sem eru í þessum stærðarflokk. Það er mjög góð svörun og gefur marktækar upplýsingar um hvernig staðið er að greiðslum til bæjarstjóra og sveitarstjórnarmanna í þessum flokk. Niðurstöður birtast hér.

Framkvæmdastjórn

Í öllum tilvikum er ráðinn bæjarstjóri í þessum stærðarflokki sveitarfélaga.

Greiðslur fyrir framkvæmdastjórn

Launagreiðslur til bæjarstjóra eru í þremur tilvikum á bilinu 500–599 þúsund kr., í tveimur tilvikum á bilinu 600–699 þúsund kr., í fjórum tilvikum á bilinu 700–799 þúsund krónur og í einu tilviki yfir 800 þúsund krónur. Hlunnindi bæjarstjóra eru í þremur tilvikum undir 50 þúsund kr. á mánuði, í fimm tilvikum á bilinu 50–99 þúsund kr. á mánuði og í tveimur tilvikum á bilinu 100–149 þúsund krónur á mánuði. Biðlaunaréttur bæjarstjóra er gefinn upp þrjú mánuðir í tveimur tilvikum, fjórir mánuðir í einu tilviki og sex mánuðir í sjö tilvikum.

Greiðslur til sveitarstjórnarmanna

Hjá öllum sveitarfélögum í þessum flokki er bæði greidd föst upphæð mánaðarlega fyrir setu í bæjarstjórn og greitt fyrir hvern fund. Hjá einu sveitarfélagi eru greiddar 6–8 þúsund kr., hjá einu sveitarfélagi eru greiddar 8–10 þúsund kr. og hjá fjórum sveitarfélögum eru greiddar yfir 10 þúsund krónur á hvern fund. Mánaðarlegar greiðslur eru í fimm tilvikum á bilinu 20–39 þúsund kr. í þremur tilvikum á bilinu 40–60 þúsund kr. og í tveimur tilvikum yfir 60 þúsund krónur.

Greiðslur til nefnda

Hjá öllum þeim sveitarfélögum sem svöruðu er greitt fyrir hvern fund hjá nefndum sveitarfélaganna. Greiðslur fyrir fundasetur eru frá 5–6 þúsund kr. á hvern fund (fjögur sveitarfélög), 7–9 þúsund kr. (tvö sveitarfélög), yfir 10

þúsund kr. (þrjú sveitarfélög) og eitt sveitarfélag greiðir 2–4% af þingfararkaupi á hvern fund.

Greiðslur til nefndarformanns

Hjá tveimur sveitarfélögum eru greiðslur til nefndarformanns 100% hærri en til almennra nefndarmanna, hjá fjórum sveitarfélögum eru greiðslur til nefndarformanns um 50% hærri en til annarra nefndarmanna og í tveimur tilvikum eru greiðslur eitthvað hærri til nefndarformanns en annarra nefndarmanna.

2.2.6. Sveitarfélög með yfir 5000 íbúa

Í þessum flokki skiluðu 6 sveitarfélög svörum af þeim 9 eru í þessum stærðarflokk. Það gerir 67% svörum sem er á mörkum þess að niðurstöður séu marktækar. Niðurstöður í flokknum birtast hér.

Framkvæmdastjórn

Í öllum sveitarfélögum í þessum stærðarflokk er ráðinn bæjarstjóri til sveitarfélagsins.

Greiðslur fyrir framkvæmdastjórn

Launagreiðslur bæjarstjóra eru í tveimur tilvikum á bilinu 600 og 699 þúsund kr. á mánuði, í tveimur tilvikum milli 700–799 þúsund kr. og í tveimur tilvikum er greitt yfir 800 þúsund kr. á mánuði. Hlunnindi bæjarstjóra eru í einu tilviki undir 50 þúsund kr. á mánuði, í fjórum tilvikum milli 50–99 þúsund kr. og hjá einu sveitarfélagi er greitt á milli 150–199 á mánuði í starfstengd hlunnindi. Biðlaunatími er fjórir mánuðir í einu tilviki, fimm mánuðir í tveimur tilvikum og 6 mánuðir í þremur tilvikum. Greiðslur til forseta bæjarstjórnar eru í fimm tilvikum yfir 90 þúsund krónur á mánuði.

Greiðslur til sveitarstjórnarmanna

Hjá öllum sex sveitarfélögum er sveitarstjórnarmönnum greidd föst upphæð á mánuði og hjá tveimur er einnig greitt fyrir hvern fund. Greiðslur fyrir fundasetur eru allstaðar yfir 10 þúsund kr. fyrir hvern fund. Þar sem um mánaðarlegar greiðslur er að ræða er greitt á bilinu 40–60 þúsund kr. á mánuði hjá einu sveitarfélagi og yfir 60 þúsund kr. á mánuði hjá fimm sveitarfélögum.

Greiðslur til nefnda

Hjá öllum sveitarfélögum sex er greitt fyrir hvern fund hjá nefndum sveitarfélaganna og í þremur tilvikum er einnig greitt mánaðarlega til nefndarmanna. Greiðslur fyrir hvern nefndarfund eru í einu tilviki undir 6 þúsund kr. í tveimur tilvikum á bilinu 8–12 þúsund kr. og í þremur tilvikum yfir 12 þúsund á hver fund

Greiðslur til nefndarformanns

Í fimm tilvikum eru greiðslur til nefndarformanns um 50% hærri en til annarra nefndarmanna og í einu tilviki eru greiðslur eitthvað hærri til nefndarformanns

og annarra nefndarmanna. Fram kom í svörum sveitarfélaganna að mismunur getur verið á milli nefnda hve nefndarformanni er greitt mikið umfram almenna nefndarmenn.

3. Að lokum

Hér að framan hafa verið dregnar saman helstu niðurstöður úr könnun þeirri sem hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga stóð fyrir meðal íslenskra sveitarfélaga í mánuðunum nóvember og desember 2003. Eyðublað var sent út í tölvupósti til að einfalda framkvæmdina eftir því sem frekast er unnt. Einn tölvupóstur var síðan sendur út til að minna sveitarfélögin á að svara eyðublaðinu. Eyðublað eru send nafnlaust inn til að koma í veg fyrir að viðkvæmni um að veita upplýsingar undir nafni komi í veg fyrir að sveitarfélög sendi frá sér umbeðnar upplýsingar. Það gerir hins vegar að verkum að ekki er hægt að hafa samband við þau sveitarfélög sérstaklega sem ekki hafa sent svör inn. Þannig eru kostir og gallar á hverri aðferð.

Tilgangur könnunarinnar var að fá yfirlit um greiðslur til sveitarstjórnarmanna, framkvæmdastjóra og nefnda sveitarfélaga þannig að ná mætti fram meira samræmi í kjörum aðila heldur en verið hefur til þessa og kanna hvort einhverjar breytingar hafi orðið á fyrrgreindum greiðslum frá þeirri könnun sem gerð var meðal sveitarfélaganna í maí 2002.

Þeim sveitarfélögum sem svöruðu útsendum eyðublaðum eru þökkúð góð viðbrögð, því svör þeirra leggja grunn að þeim upplýsingum sem birtast hér í þessari skýrslu.

Nokkrum vonbrigðum olli þó að um 40% sveitarfélaganna sá ekki ástæðu til að taka þátt í könnuninni með því að endursenda útsent eyðublaðið. Hjá þeim stærðarflokkum þar sem þátttakan var minnst verða niðurstöðurnar því ekki eins marktækar og æskilegt væri. Það á að vera sveitarfélögunum gagnlegt að fá upplýsingar um á hvaða nótum greiðslur til sveitarstjórnarmanna og sveitar-/bæjarstjóra eru í áþekkingum sveitarfélögum.

Enda þótt fram komi að nokkurt misræmi sé milli sveitarfélaga hvað þær greiðslur varðar sem spurt var um í þessari könnun, þá kemur það í ljós að líkur eru á að munur á þessum greiðslum milli sveitarfélaga af áþekkingum toga hafi minnkað verulega. Einnig virðist þeim sveitarfélögum hafa fækkað sem greiða ekki fyrir nefndarstörf. Af þeim 63 sveitarfélögum sem sendu inn svör eru það til dæmis einungis tvö sveitarfélög sem gefa það upp að ekki sé greitt fyrir nefndarstörf samanborið við að ekki er greitt fyrir nefndarstörf hjá átta sveitarfélögum á árinu 2002.

Það virðist því augljóst að sveitarfélögunum er hagur að því að hafa aðgengilegar upplýsingar um hluti eins og hér um ræðir til að geta framkvæmt vissan samanburð og leiðrétt ákveðin mál ef ástæða þykir til. Þannig virðist vera gagnlegt að gera könnun sem þessa með reglulegu millibili til þess að sveitarfélögin hafi aðgang að samanteknum upplýsingum er þessi mál varðar.

Fylgiskjal 1. Eyðublað fyrir könnunina.

Söfnun upplýsinga um greiðslur sveitarfélaga til

- * sveitarstjórnarmanna
- * framkvæmdastjóra sveitarfélaga
- * nefndarmanna

1. Stærð sveitarfélags (íbúafjöldi)

(krossið í viðeigandi reit)

< 100	100 - 199	200 - 499	500 - 999	1000 - 1999	2000 - 4999	> 5000
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Ef bæjar- / sveitarstjóri er ráðinn hjá sveitarfélaginu, þá svarið spurningum 2 - 5. Ef oddviti sveitarstjórnar sér um framkvæmdastjórn sveitarfélagsins í hlutastarfi, þá skal spurningum 2 - 5 sleppt og byrjað á að svara spurningu 6.

2. Mánaðarlegar launagreiðslur til bæjar- / sveitarstjóra í þúsundum króna (föst laun (dagvinna + yfirvinna) + aukagreiðslur t.d. vegna funda)

(krossið í viðeigandi reit)

< 299	300 - 399	400 - 499	500 - 599	600 - 699	700 - 799	> 800
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

3. Hlunnindi bæjar- / sveitarstjóra á mánuði sem hluti af launakjörum (þús. kr) Hlunnindi eru skilgreind sem greiðslur eða hlunnindi fyrir utan beinar launagreiðslur s.s. fastur bifreiðastyrkur, frír bíll, frír sími, risna og húsnæðiskostnaður

(krossið í viðeigandi reit)

< 50	50 - 99	100 - 149	150 - 199	> 200
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

4. Mánaðarlegar launagreiðslur til forseta bæjarstjórnar / oddvita sveitarstjórnar ef bæjar- / sveitarstjóri er ráðinn til starfa (þús. kr).

(krossið í viðeigandi reit)

< 10	10 - 29	30 - 49	50 - 69	70 - 90	> 90
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

5. Hve langur er biðlaunaréttur bæjar- / sveitarstjóra við starfslok

Biðlaunaréttur mánuðir

6. Mánaðarlegar launagreiðslur til oddvita sveitarstjórnar í þús. kr. ef oddviti annast framkvæmdastjórn sveitarfélags í hlutastarfi

(krossið í viðeigandi reit)

< 50	50 - 99	100 - 149	150 - 199	200 - 300	> 300

Spurningar sem allir eru beðnir um að svara:

7. Greiðslur til bæjar- / sveitarstjórnarmanna fyrir störf í bæjar- / sveitarstjórn

Greiðslufyrirkomulag

(krossið í viðeigandi reit)

- a) Greidd föst upphæð á mánuði
b) Greitt fyrir hvern fund
c) Ekkert greitt

7. a) Mánaðarleg greiðsla vegna starfa í bæjar- / sveitarstjórn (þús. kr)

(krossið í viðeigandi reit)

< 5	5 - 9	10 - 19	20 - 39	40 - 60	> 60

7. b) Greiðsla fyrir hvern fund í bæjar- / sveitarstjórn (þús. kr)

(krossið í viðeigandi reit)

< 2	2 - 4	4 - 6	6 - 8	8 - 10	> 10

8. Greiðslur fyrir störf í nefndum á vegum sveitarfélagsins

8. a) Greiðslufyrirkomulag

(krossið í viðeigandi reit)

Fjárhæð (þús. kr)

- Mánaðarlegar greiðslur
Greitt fyrir hvern fund
Ekkert greitt fyrir nefndastörf

8. b) Greiðslur til nefndarformanns eru:

(krossið í viðeigandi reit)

- 50% hærrí en til almennra nefndarmanna
eitthvað hærrí en til almennra nefndarmanna
jafnháar greiðslum til almennra nefndarmanna
